

RA4AL

AUKINN ÁRANGUR MEÐAL NEMENDA – GÆÐI NÁMS ÁN AÐGREININGAR HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Inngangur

Þessu riti er ætlað að gefa yfirlit yfir helstu niðurstöður verkefnis sem unnið var á vegum Evrópumíðstöðvarinnar fyrir þróun í sérkennslu og fjallar um aukinn árangur nemenda.

Í námi án aðgreiningar eru grundvallarreglurnar um jöfnuð, félagslegt réttlæti, lýðræði og þátttöku hafðar að leiðarljósi; mikilvægt er að draga úr brottfalli úr skóla og ójöfnuði, ekki aðeins með tilliti til hagvaxtar og samkeppnishæfni, heldur einnig í því skyni að draga úr fátækt og auka félagslega aðlögun (Ráð Evrópusambandsins, 2010).

Það er siðferðileg skylda að auka árangur meðal allra nemenda. Í þessu verkefni er því áherslan á nám án aðgreiningar og mikilvægi þess ekki til umfjöllunar heldur hvernig stefna og starf á þessu sviði geti stuðlað að auknum árangri meðal nemenda.

Forsendur verkefnisins

Í nýlegri skýrslu frá UNESCO (2012) er lögð áhersla á þátt menntunar í því að gera samfélagið heildstæðara og réttlátara, og þar segir „... þjóðir heims eru sammála um þá skoðun að gæti útlökunar á einhverju sviði menntakerfisins, þá skorti á gæði innan þess“ (bls. 1).

Hjá OECD (2011) kemur fram að þótt frammistaða þeirra nemenda sem verst eru staddir sé bætt þurfi það ekki að bitna á þeim sem betur gengur – góður árangur og jöfnuður í skólum geti farið saman.

Við stefnumótun er rík áhersla lögð á gildismat og samfélagslegan metnað, og í auknum mæli á að réttindi barna séu viðurkennd, en jafnframt er þess krafist að skilvirkni slíkra aðferða og útkoma liggja fyrir (Lindsay, 2007).

Þrátt fyrir jákvæða þróun í ýmsum aðildarlöndum Evrópumíðstöðvarinnar liggur enn ekki fyrir hvaða tilgangi nám án aðgreiningar þjónar, og þar með hvað gera skuli til að skapa jákvætt viðhorf





gagnvart fjölbreytileika og auka getu menntakerfa og skóla til að koma til móts við þarfir allra nemenda. Ekki er vænlegt til árangurs að hugarfar og starfshættir „í anda sérkennslu“ séu ráðandi í almennum skólum – endurskoða þarf ýmsar hugmyndir um það hvernig starfsemi skóla og menntakerfa er háttað um þessar mundir.

Í þessu verkefni er fjallað um alla nemendur – sérhverri hugmynd um að einhverjir nemendur séu dæmdir til lélegrar frammistöðu er vísað á bug. Í umræðum sínum lögðu þátttakendur í verkefninu áherslu á að tekið yrði sérstakt tillit til nemenda í þeim hópum sem vitað er að eiga undir högg að sækja. Ljóst er að fatlaðir nemendur með sérþarfir og börn innflytjenda kunna sérstaklega að eiga í vök að verjast, en fulltrúar aðildarlandanna og þátttakendur á ráðstefnu, sem haldin var í tengslum við verkefnið, nefndu einnig eftirfarandi hópa: nemendur sem búa við félagslega og efnahagslega erfiðar aðstæður, börn sem eru undir eftirliti opinberra aðila eða eiga erfitt uppdráttar, t.d. fórnarlömb ofbeldis eða misnotkunar, Rómabörn og börn farandverkamanna, nemendur sem stunda ekki reglubundna skólagöngu eða þurfa að sinna umönnunarstörfum, sem og nemendur sem kunna að skara fram úr að einhverju leyti.

Í tillögugerð um verkefnið voru eftirfarandi spurningar settar fram: Hvernig á að mæta þörfum þeirra nemenda sem erfitt kunna að eiga með nám og aðlögun, án þess að þeir verði dregnir í einhverja dilka? Hvernig er best að fylgjast með og meta frammistöðu slíkra nemenda til að tryggj sé að þörfum þeirra verði mætt?

Þar sem forðast skal að draga í dilka og ýta undir staðalmyndir þegar fjallað er um illa stadda nemendur, þarf að huga nánar að þessum spurningum til að öruggt sé að sú stefna sem fylgt er, og það eftirlit og mat sem samkvæmt henni fer fram, taki tillit til einstaklingsbundinna aðstæðna.

Verkefni Evrópumíðstöðvarinnar um aukinn árangur nemenda

Árið 2010 stóð Evrópumíðstöðin fyrir könnun í aðildarlöndum sínum til að greina hver forgangsmál þeirra væru til lengri tíma litið. Könnunin leiddi í ljós að það rannsóknarefni sem flestir settu í forgang var hvernig auka mætti árangur meðal nemenda.

Vorið 2011 sendi Evrópumíðstöðin því umsókn um að verkefnið „Aukinn árangur meðal nemenda – gæði náms án aðgreiningar“ fengi Comeniusarstyrk samkvæmt símenntunaráætlun Evrópusambandsins. Evrópumíðstöðin hlaut síðan styrkinn haustið 2011 og verkefnið var unnið á tímabilinu desember 2011 til nóvember 2012 (verkefnisnúmer: 517771-LLP-1-2011-1-DK-COMENIUS-CAM).

Markhópur þeirra upplýsinga og niðurstaðna sem fram koma í verkefninu eru stefnumótandi aðilar, sem í hverju landi fyrir sig eru í þeirri aðstöðu að geta tryggt að ávallt skuli litið til náms án aðgreiningar við mótun menntastefnu hverju sinni, og að nauðsynlegt samstarf milli menntamálaráðuneyta og annarra ráðuneyta verði eft enn frekar.

Í verkefninu var stuðst við eftirfarandi þætti:

- Niðurstöður ýmissa verkefna Evrópumíðstöðvarinnar, sem öll aðildarlöndin hafa tekið þátt í, og nýlegar rannsóknir, svo sem skýrslur alþjóðlegra stofnana á borð við UNESCO (Menningarmálastofnun SP), UNICEF (Barnahjálp SP) og OECD (Efnahags- og framfarastofnun).
- Niðurstöður ráðstefnu sem haldin var í tengslum við verkefnið og skipulögð í samvinnu við





menntamálaráðuneytið í Danmörku og borgaryfirvöld í Óðinsvé, þar sem hún var haldin dagana 13.–15. júní 2012 sem opinber viðburður undir formennsku Dana í Evrópusambandinu.

Þrír hópar sérfræðinga voru skipaðir af menntamálaráðneytum aðildarlandanna, þ.e. stefnumótendur á sviði náms á grunnskólastigi og stefnumótendur og rannsóknaraðilar á sviði náms án aðgreiningar, og var þeim ætlað að leita svara við meginspurningum verkefnisins og móta skýra stefnu um áframhaldandi starf á þessum vettvangi. Allir þátttakendur miðluðu skoðunum sínum og reynslu varðandi gæði náms í skólum án aðgreiningar, sem stuðlað gætu að auknum árangri nemenda, með fyrirlestrum, sýningum, námskeiðum og óformlegum samskiptum og umræðum á ráðstefnunni.

Tillögugerð um verkefnið sem starfsfólk Evrópumiðstöðvarinnar tók saman var send til allra þátttakenda áður en ráðstefnan fór fram. Í henni var samantekt um nýleg verkefni Evrópumiðstöðvarinnar og aðrar alþjóðlegar rannsóknir, og sett voru fram nokkur lykilmálefni til umfjöllunar í verkefnisvinnunni og á ráðstefnunni.

Tillögugerðina og skýrslu um niðurstöður ráðstefnunnar má finna á slóðinni: <http://www.european-agency.org/agency-projects/ra4a1>

Áskorunin um aukinn árangur meðal nemenda

Dyson o.fl. (2004) segja að „lausnir“ sem byggja á aðferðum sem eru einfaldlega viðbætur við kerfi sem er í eðli sínu óréttlátt muni óhjákvæmilega missa marks. Þó að stefnumótandi aðilar ætli sér að brúa það bil sem þarf til að aukinn árangur náist, þá séu nýlegar áætlanir sem gerðar hafi verið í því skyni, og byggjast annaðhvort á auknum metnaði eða meiri fjölbreytni á þessu sviði, verulega gallaðar.

Hanushek (2004) sýnir fram á að auknar fjárveitingar til skóla hafi, með örfáum undantekningum, haft lítil áhrif á námsárangur á undanförnum áratugum. Nota megji fjármuni á ýmsan hátt nemendum til góða, til dæmis með því að fjölga starfsfólki innan veggja skólastofunnar, auka hæfni kennara með faglegri framþróun, og gera kennslu- og leiðbeiningastarfið sveigjanlegra.

Á undanförunum árum hafa markaðssjónarmið ráðið umbótum í ýmsum löndum. Whelan (2009) dregur þó í efa að val og samkeppni séu til bóta þar sem kerfið skiptist þá niður í einingar sem séu of litlar til að nýbreytni geti átt sér stað og það auki oft á faglega, þjóðernislega og félagslega stéttaskiptingu.

Þegar árið 1996, greindi alþjóðleg nefnd um menntamál á tuttugustu og fyrstu öldinni frá vanda á sjö sviðum innan menntakerfa í löndum heims – þar á meðal þeirri togstreitu sem skapast milli samkeppni og jafnra tækifæra, og hve brýnt sé að samkeppni sem vekur áhuga og veitir hvatningu samræmist þeirri áherslu sem lögð er á jöfnuð og félagslegt réttlæti öllum til handa.

Því þarf að finna leiðir til að sigrast á þessum vanda og vinna að því að fyrsta flokks úrræði standi öllum nemendum til boða. Leadbeater og Wong (2010) greina svo frá: „Óánægja í skóla, sem kemur fram í miklu brottfalli nemenda og illu gengi í prófum, bendir til undirliggjandi kröfu um annars konar námsupplifun – upplifun sem er áhugaverðari, meira gefandi og snýst meira um þá hæfni sem fólk þarf að búa yfir á nýrri öld.“ (bls. 3)





Sama tungutak um nám án aðgreiningar

Eins og fram hefur komið er nauðsynlegt að sama tungutak sé notað þegar fjallað er um nám án aðgreiningar, og það hefur ítrekað komið fram í verkefnisvinnunni. Menntakerfi eru afar mismunandi eftir löndum (Meijer, 1999, 2003); í öllum rannsóknum á námi án aðgreiningar í hverju landi þarf því að taka tillit til frekari umbóta sem þar eiga sér stað í menntamálum.

Í skýrslu Evrópumíðstöðvarinnar, *Kennaramenntun í anda skóla án aðgreiningar í Evrópu* (2011) er gerð grein fyrir þeim framförum sem nýlega hafa átt sér stað, þar á meðal hvernig hugtökin „sundurleitni“ (*heterogeneity*) og „fjölbreytileiki“ (*diversity*) eru notuð, en jafnframt bent á að breytt orðalag endurspegli ekki endilega breyttan hugsanahátt eða venjur. Ef það orðalag sem notað er heldur áfram að vísa til „aðgreiningar“, eða þess að „greinarmunur“ sé gerður á ýmsum hópum samfélagsins, er líklegt að stefnan sem mótuð er byggist á einhvers konar „viðbótar“-aðferðum sem ætlað er að breyta upphaflegri skólustefnu (sem ekki er heildtæk).

Fulltrúum aðildarlandanna í þessu verkefni fannst nauðsynlegt að skýra merkingu tiltekinna hugtaka sem þar notuð eru. Um er að ræða hugtökin *gæði*, *aukning* og *árangur*, og sjá má skilgreiningar á þeim hér á eftir.

Skilgreiningin á *gæðum*, sem sett er fram í tillögugerð verkefnisins, er á þessa leið:

„Líta verður á gæði í ljósi þess hvernig tilgangur menntunar er skilgreindur í samfélaginu. Yfirleitt er um tvö meginmarkmið að ræða: Í fyrsta lagi að tryggja vitsmunalegan þroska nemenda. Í öðru lagi er lögð áhersla á það inntak menntunar að hlúa að sköpunarkrafti og tilfinningaþroska nemenda og efla með þeim gildi og viðhorf ábyrgar borgaravitundar. Síðast en ekki síst skulu gæði sýna sig í því að jöfnuður ríki: í menntakerfi þar sem mismunun gagnvart einhverjum tilteknum hópi á sér stað eru skyldur ekki uppfylltar.“
(UNESCO, 2004, inngangur)

Varðandi *árangur*, þá notar Wallace (2010) hugtakið í merkingunni „*árangur erfiðis, náms, þrautseigju, sjálfstrausts og hvatningar. Í því felst að einstaklingurinn takist á við hlutina, geri uppgötvánir og uppskeri eins og hann sáir, með eða án erfiðis og ástundunar.*“ (bls. 6) Þessi víðtæka skilgreining er andstæð því takmarki (attainment) sem yfirleitt er vísað til þegar nemendur ljúka einhverju stigi eða áfanga með formlegu mati eða prófum. Einnig skal haft í huga að árangursmið eða takmörk sem stefnt er að geta verið mismunandi eftir löndum.

Einnig er nauðsynlegt að skilgreina hugtakið *árangur undir getu* (*under-achievement*), en oft er litið svo á að það feli í sér misræmi milli mats eða prófniðurstöðu og raunverulegrar frammistöðu. Lagt hefur verið til að þótt taka verði tillit til félagslegra og umhverfistengdra þátta, sem geta gert nemendum erfitt fyrir, þá þurfi að auka getu – og sveigjanleika – allra nemenda og setja markið hærra þar sem þörf krefur.

Síðast en ekki síst vísar hugtakið *aukning*, eins og það er notað í þessu verkefni, til þess að markið sé sett hærra og/eða árangur einstaklings eða tiltekins hóps sé aukinn. Hvernig slík aukning er mæld fer eftir því á hvaða sviði nemandi þykir ekki standa sig sem skyldi – en ljóst er að með því að brúa bilið milli þeirra sem gengur vel og hinna sem sýna slakari frammistöðu eru kröfur ekki minnkaðar, heldur gengið út frá að allir skuli standa sig vel.





Niðurstöður og tillögur verkefnisins

Með hliðsjón af fyrri verkefnum Evrópumíðstöðvarinnar, nýlegum rannsóknum, efni sem kynnt var á sýningu ráðstefnunnar, sem og fyrirlestrum, vinnufundum og umræðum sem þar fóru fram, hafa eftirfarandi „málefni“ verið tilgreind sem forsenda þess að árangur meðal nemenda verði aukinn:

1. Samvinna í stefnumótun og starfi. Til að veita nemendum stuðning, einkum þeim sem erfitt eiga uppdráttar, ættu sveitarfélög að veita þjónustu sem byggir á náinni samvinnu – jafnt í stefnu sem starfi – milli menntageirans, heilsugæslu, félagsþjónustu og annarra stofnana. Hafa þarf samstarf og samvinnu á öllum stigum – á landsvísu, innan sveitarfélaga, í skólum og innan skólastofunnar – milli allra viðkomandi aðila, nemenda og aðstandenda þeirra, til að tryggja í senn samræmd vinnubrögð og markvissa nýtingu á úrræðum.

Lögð er áhersla á samstarf þvert á ýmis stig kerfisins – allt frá samvinnu við námsmat og nám innan veggja skólastofunnar til fræðilegrar samvinnu á alþjóðavísu, sem sýnir hve félagslegur auður er mikilvægur þegar vinna skal að umbótum í skólakerfinu. Samvinna í stefnumótun og starfi er sameiginlegur þáttur á hvað sviði sem er og getur verið góður grundvöllur rannsókna til framtíðar.

2. Stuðningur við stjórnendur í skólakerfinu. Stjórnendur í skólakerfinu þurfa að fá stuðning til að tryggj sé að þeir hafi þá yfirsýn og færni sem þarf til að byggja upp jákvætt andrúmsloft og vera leiðandi í skólastarfi án aðgreiningar. Áætlanir um hvernig mæta skuli ólíkum þörfum nemenda þurfa að vera hluti af öllu skipulagsferlinu, og það felur í sér að öll forgangsmál á hverjum tíma skuli tekin til skoðunar og samræmd.

Niðurstöður þessa verkefnis ítreka hve brýnt er að horfið verði frá yfirstjórn og forystustarfi verði þess í stað dreift þannig að áhersla sé lögð á teymisvinnu og samstarf við lausn vandamála.

3. Ábyrgðarskylda. Ábyrgðarskylda skóla og menntakerfis ætti fyrst og fremst að byggjast á sjálfsskoðun og/eða úttektum til að viðkomandi aðilar geti litið á slíka ábyrgðarskyldu sem faglegan ávinning en ekki sem utanaðkomandi kvöð.

Til að koma á meiri jöfnuði í námi þarf ýmis árangursviðmið sem löguð eru að aðstæðum á hverjum stað, með áherslu á framlag, úrræði, ferli og niðurstöður/útkomu. Á þann hátt skal mæla hvað kemur öllum nemendum að gagni til að tryggja að samræmis sé gætt og að gildismat og starfsemi á sviði náms án aðgreiningar verði eflað.

4. Einstaklingsmiðun með því að hlustað sé á nemendur. Rödd nemandans er lykilatriði við mótun allrar stefnu og starfs. Einstaklingsmiðun felur einnig í sér að meiri samvinna sé höfð við foreldra og ættingja til að sá stuðningur sem þörf er fyrir verði heildstæðari en ella. Með skýrari áherslu á einstaklingsmiðun kæmi þörfin fyrir sveigjanlegri matskerfi betur í ljós en þegar mælikvarðar eru „keyrðir upp“ með prófum, og góð frammistaða á öllum sviðum yrði þá metin að verðleikum.

5. Fagleg framþróun á sviði náms án aðgreiningar. Kennarar verða að taka virkan þátt í öllum kerfisbreytingum og skulu öðlast nauðsynlega færni í hinu almenna kennaranámi og





með stöðugri faglegri framþróun. Allir kennarar þurfa að rækta með sér þau gildi, viðhorf, hæfni, kunnáttu og skilning sem þarf til að öruggt sé að nemendur hvarvetna njóti menntunar og séu virkir þátttakendur í skólalífinu.

Færnisviðin fjögur sem fjallað er um í *Færnilýsingunni fyrir kennara í skólum án aðgreiningar* (2012), þ.e. að geta lagt mat á ólíkar þarfir nemenda, að veita öllum nemendum stuðning, að geta unnið með öðrum og að þroskast í starfi, eru kennurum nauðsynleg ef þeim á að takast að auka árangur meðal nemenda.

6. Kennsluaðferðir sem henta öllum. Með hliðsjón af starfi Evrópumíðstöðvarinnar, sem og nýlegum alþjóðlegum rannsóknum, er ljóst að tilteknaðar kennsluaðferðir henta öllum nemendum vel, til dæmis hópakennsla og jafningjafræðsla.

Florian og Black-Hawkins (2011) vekja athygli á því að það sé flókið verk að auka við það sem almennt stendur öllum nemendum til boða og þá verði sú aðferð sem virkar fyrir flesta nemendur (með einhverjum sveigjanleika fyrir suma) að víkja fyrir aðferð sem felur í sér „þróun öflugssamfélags sem býður upp á möguleika sem öllum er gert kleift að nýta sér“ (bls. 814).

Fjallað er nánar um þetta í heildarskýrslunni sem tiltæk er á: <http://www.european-agency.org/agency-projects/ra4a1>

Bryn framtíðarverkefni

Gengið verður út frá niðurstöðum ársverkefnisins um aukinn árangur í öðru verkefni sem Evrópumíðstöðin mun hleypa af stokkunum árið 2013 og unnið verður á lengri tíma. Öll verkefnisvinnan hefur því verið endurskoðuð til að greina megi þau lykilatriði sem fjalla skal um í framhaldinu og tengjast ofangreindu efni.

Þessum lykilatriðum fylgja eftirfarandi verkþættir:

- Afla þarf hagnýtra og fjárhagslega hagkvæmra dæma um samstarf og samvinnu í skólalífinu, skólum og sveitarfélögum, sem og á lands- og alþjóðavísu, og rannsaka hvernig slíkar upplýsingar geta komið að gagni við að auka árangur meðal nemenda.
- Byggja þarf á því stjórnunarstarfi sem nú fer fram á sviði náms án aðgreiningar til að rannsaka hvaða hæfni skuli krafist af stjórnendum í skólum án aðgreiningar.
- Skoða þarf nánar hvað felst í ábyrgðarskyldu innan menntakerfisins og í skólum, þannig að viðkomandi aðilar geri sér hana ljósa og íhugi gildi og aðferðir í námi án aðgreiningar með því að vega og meta hvað kemur öllum nemendum til góða, og leiti ákveðinna vísbendinga um hvaða starfsaðferðir skili sem bestum árangri.
- Kanna þarf hvernig skipulagi menntakerfis og þjónustu er háttað með því að taka mið af þeirri lykilstöðu sem kennarar gegna, og því hve brýnt er að tekið sé tillit til þess sem





nemendur og aðstandendur þeirra hafa að segja, til að um einstaklingsmiðað starf verði raunverulega að ræða.

- Kanna þarf nánar hvers konar færni kennarar skulu búa yfir til að geta komið til móts við ýmsar sérþarfir nemenda, og hvernig best sé að öðlast slíka færni í almennu kennaranámi og með stöðugri faglegri framþróun.

- Rannsaka þarf hvaða kennsluaðferðir og úrræði skila nemendamiðuðu og einstaklingsbundnu starfi í skólastofunni og þar með betri árangri en hin kennarastýrða „aðgreining“.

Niðurstöður

Vinnan við þetta verkefni hefur leitt í ljós að meiri þekkingar er þörf, einkum á því hvaða aðferðum skal beitt til að aukinn árangur náist meðal allra nemenda, og rannsaka þarf þá þætti sem gera nemendum, sem átt hafa erfitt uppdráttar, kleift að ná sér á strik og standa sig vel. Bengt Persson, fyrirlesari á ráðstefnunni, lagði sérstaka áherslu á að rannsókna væri þörf innan menntakerfisins.

Viðurkennt hefur verið hve samstarf á milli landa er gagnlegt og fjárhagslega hagkvæmt, sem og hve mikilvægt sé að draga lærdóm af þeirri stefnu og starfi sem fram fer á þessu sviði. Ef þekkingu og reynslu er miðlað á öllum stigum kerfisins geta námssamfélög án aðgreiningar vaxið og dafnað með samstarfi og samvinnu, þannig að tryggt sé að allir nemendur eigi möguleika á að auka námsgetu sína og skila betri árangri en ella. Eins og Fink (2008) orðar það: „*Menntun snýst um fleira en að gera nemendur færa um að sjá sér farborða, þó að það sé mikilvægt. Hún snýst einnig um að gera þá færa um að skapa sér líf.*“





Heimildir

- Dyson, A., Farrell, P., Polat, F., Hutcheson, G., og Gallannaugh, F. (2004). *Inclusion and pupil achievement* (Research Report RR578). London: Department of Education and Skills.
- Evrópumiðstöðin fyrir þróun í sérkennslu (2011). *Kennaramenntun í anda skóla án aðgreiningar í Evrópu – Viðfangsefni og tækifæri*. Óðinsvé, Danmörk: Evrópumiðstöðin fyrir þróun í sérkennslu.
- Evrópumiðstöðin fyrir þróun í sérkennslu (2012). *Færnilýsing fyrir kennara í skólum án aðgreiningar*. Óðinsvé, Danmörk: Evrópumiðstöðin fyrir þróun í sérkennslu.
- Fink, D. (2008). *The road to transformation in education – Learning, leading and living systems*. Ráðstefnuskjal á slóðinni http://www.cybertext.net.au/inet_s4wk1/p4_18.htm (síðast opnað 12/10/2012).
- Florian, L. og Black-Hawkins, K. (2011). Exploring Inclusive Pedagogy. *British Educational Research Journal*, 37(5), 813–828. doi: 10.1080/01411926.2010.501096.
- Hanushek, E. (2004). *Some simple analytics of school quality*. Working paper 10229 National Bureau of Economic Research, Cambridge, MA
- International Commission on Education for the twenty-first Century (1996). *Learning: The Treasure within: Report to UNESCO of the International Commission on Education for the Twenty-first Century*. Paris: UNESCO Publishing.
- Leadbeater, C. og Wong, A. (2010). *Learning from the extremes*. San Jose CA: Cisco Systems.
- Meijer, C.J.W. (1999). *Financing of Special Needs Education*. Middelfart: Evrópumiðstöðin fyrir þróun í sérkennslu.
- Meijer, C.J.W. (2003). *Inclusive education and classroom practices*. Middelfart: Evrópumiðstöðin fyrir þróun í sérkennslu.
- Lindsay, G. (2007). Educational psychology and the effectiveness of inclusive education/mainstreaming. *British Journal of Educational Psychology*, 77, 1–24.
- Organisation for Economic Co-operation and Development (2011). PISA in focus 2011/2 (March) *Improving Performance – Leading from the Bottom*. Paris: OECD.
- Ráð Evrópusambandsins (2010). *Council conclusions on the social dimension of education and training*. 3013th Education, Youth and Culture meeting, Brussel, 11. maí 2010.
- UNESCO (2004) *Education for All: The Quality Imperative*. EFA Global Monitoring Report 2005. Paris: UNESCO
- UNESCO (2012). *Addressing Exclusion in Education. A Guide to Assessing Education Systems Towards More Inclusive and Just Societies*. Paris: UNESCO.
- Wallace, B. (2010) Tackling underachievement. Maximising opportunities for all pupils in an inclusive setting in B. Wallace, S. Leyden, D. Montgomery, C. Winstanley, M. Pomerantz and S. Fitton (eds.) 2010. *Raising the achievement of all pupils within an inclusive setting*. London: Routledge
- Whelan, F. (2009). *Lessons learned: How good policies produce better schools*. London: Whelan.



© European Agency for Development in Special Needs Education 2012



This project has been funded with support from the European Commission. This publication reflects the views only of the author, and the Commission cannot be held responsible for any use which may be made of the information contained therein.